

## AUGLÝSING

### vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 3. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

#### 1. gr.

##### *Landbúnaðarvörur sem ekki hafa hlotið hitameðhöndlun.*

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins skal liggja fyrir við innflutning á vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987 og ekki hafa hlotið hitameðferð sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar og við innflutning á öðrum vörum, sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem hafa fengið vaxtaraukandi efni.

#### 2. gr.

##### *Landbúnaðarvörur sem hafa hlotið hitameðhöndlun.*

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- a. Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi, samkvæmt 3. gr.
- b. Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 3. gr. auglýsingar þessarar.
- c. Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnahiti hafi náð 72°C, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
- d. Mjólk og mjólkurafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
- e. Eggjum og eggjaafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur hið skemmsta og að eggjaduft hafi verið hitað upp í a.m.k. 140°C, sé það ekki staðfest í upprunavottorði sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði sbr. b-lið.

Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða ef upplýsingar um hitameðferð eru óljósar, skal leita álits yfirdýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

#### 3. gr.

Yfirdýralæknir hefur staðfest að heilbrigðisvottorð eftirtalinna landa falli undir b-lið 2. gr.:

Austurríki  
Danmörk

Belgía  
Finnland

Bretland og Norður-Írland  
Frakkland

Grikkland	Holland	Írland
Ítalía	Kýpur	Lúxemborg
Malta	Noregur	Portúgal
Spánn	Sviss	Svíþjóð
Þýskaland		

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Ferðamönnum er heimill innflutningur á soðnum matvælum, sbr. reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna o.fl., enda beri umbúðir með sér að varan hafi hlotið fullnægjandi hitameðferð, sbr. 2. gr.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1995.*

F. h. r.  
**Guðmundur Sigþórsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*